



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

STÆR2TL05

Tölfræði

Kennari/kennarar:	Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS) kristjanas@fsu.is Sigríður Anna Guðjónsdóttir (SAG) sigriduranna@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing: Í þessum áfanga verður farið í grunnatriði tölfræðinnar og líkindareikning. Farið verður í tíðnidreifingu, myndræna framsetningu, miðsækni, mælingar á dreifingu, normaldreifingu, tvíliðaformúluna, úrtaksfræði, öryggismörk og fylgni. Unnið verður að því að þjálfar nemendur í tölfræðilegum vinnubrögðum sem nýtist vel í áframhaldandi tölfræðinámi.

Undanfari: STÆR2RU05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- tölfræðilegum gögnum
- líkindafræði og líkindadreifingu
- hugtökunum úrtaki og þýði
- öryggisbili þýðis
- fylgni

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í og geti af öryggi:

- unnið úr tölfræðilegum gögnum á skipulegan hátt
- túlkað og metið tölfræðilegar upplýsingar á gagnrýnninn hátt
- notað einföld líkindi til að segja fyrir um atburði, meta áhættu, velja og taka ákvarðanir
- nota úrtak til að gera tölfræðilegt mat á þýði
- fundið öryggisbil fyrir meðaltal þýðis
- fundið fylgnistuðul milli tveggja breyta

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau
- setja sig inn í og túlka útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi
- greina og hagnýta upplýsingar á öðru stærðfræðiþrepi, í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum
- átta sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og geta spurt slíkra spurninga
- hagnýta sér stærðfræðilega þekkingu til ákvarðanatöku í sértækum verkefnum

Námsefni:

- Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson (6.útg. endurpr. 2015)
- Vasareiknir
- Rúðustrikuð blöð eða bækur A-4.
- Reglustika.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 5	8.janúar -6.febrúar	Kaflar 1-4 Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Tímaverkefni/Heimadæmi Úrklippuverkefni lagt fyrir í viku 3 Vika 5 – Lotupróf 1
6 - 12	9.febrúar – 27.mars	Kaflar 5 og 6 Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. Áfangamessa 4. Mars Valdagur 11. Mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	Tímaverkefni/Heimadæmi Skil á úrklippuverkefni 1.mars Vika 12- Lotupróf 2
14 - 18	6.apríl – 8.maí	Kaflar 7, 8.1, 8.2 og 10 Sumardagurinn fyrsti 23. apríl Dimissjón 8. maí	Tímaverkefni/Heimadæmi Vika 18 – Lotupróf 3
19	11.-15.maí	Upprifjun fyrir lokapróf Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagur 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	

Lotupróf /Verkefnaskil/Vinnubók:

Á önninni verða lögð fyrir 3 lotupróf og nokkur heima- eða tímaverkefni þar á meðal úrklippuverkefni sem skila á fyrir miðja önn. Nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum verkefnum á réttum tíma. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í samráði við kennara við fyrsta tækifæri. Sé lotupróf ekki tekið eða verkefni ekki skilað er gefin einkunnin núll fyrir það.

Námsmat:

Lotupróf, heimaverkefni og vinnubók (annareinkunn) gilda 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	70%
vægi annareinkunnar er	30%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa	70%
Vægi heimaáæma er	20%
Vinnubók	10%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Ath.

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir **F**.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu, 7. janúar 2026

Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigríður Anna Guðjónsdóttir